

Fundargerð

Aðalfundur Skólaskrifstofu Austurlands haldinn föstudaginn 23. nóvember 2012, kl. 13:00 á bæjarskrifstofum Fljótsdalshéraðs á Egilsstöðum.

Mættir: Björn Ingimarsson fh. Fljótsdalshéraðs, Páll Bj. Guðmundsson fh. Fjarðabyggðar, Vilhjálmur Jónsson fh. Seyðisfjarðar og Vopnarfjarðar, Gunnþórunn Ingólfsdóttir fh. Fljótsdalshrepps, Jón Þórðarson fh. Borgarfjarðarhrepps, Páll Baldursson fh. Breiðdalshrepps, Gauti Jóhannesson fh. Djúpavogshrepps og Sigurbjörn Marinósson forstöðumaður Skólaskrifstofu Austurlands.

Dagskrá:

1. Setning

Formaður Gunnþórunn Ingólfsdóttir setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og gekk síðan til dagskrár.

2. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Lögð var fram tillaga um að Björn Ingimarsson yrði fundarstjóri og Páll Baldursson fundarritari og var það samþykkt samhljóða. Í framhaldi tók Björn við stjórn fundarins.

3. Skýrsla stjórnar

Formaður stjórnar Gunnþórunn Ingólfsdóttir flutti skýrslu stjórnar fyrir síðastliðið ár og var henni jafnframt dreift á fundinum.

Fundarstjóri lagði til að umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning yrði sameiginleg og var það samþykkt.

4. Ársreikningur 2011

Formaður lagði fram ársreikning fyrir Skólaskrifstofu Austurlands fyrir árið 2011. Reikningurinn er þegar áritaður af stjórn, forstöðumanni, skoðunarmönnum og endurskoðenda. Jafnframt lagði forstöðumaður fram ársskýrslu skrifstofunnar fyrir síðastliðið ár. Helstu niðurstöðutölur ársreiknings Skólaskrifstofu Austurlands fyrir árið 2011 eru:

Heildartekjur: 340.835.240,-

Heildargjöld: 344.042.404,-

Rekstrarniðurstaða

eftir fjármagnsliði: -2.804.045,-

Til máls tóku í umræðum um skýrslu stjórnar og ársreikning auk formanns, Jón Þórðarson, Páll Björgvin, Björn Ingimarson, og Sigurbjörn Marinósson

Að loknum umræðum var skýrsla stjórnar og Ársreikningur borin upp til samþykktar og voru samþykkt samhljóða.

5. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2013

Sigurbjörn Marinósson forstöðumaður lagði fram og útskýrði fjárhagsáætlun Skólaskrifstofu Austurlands fyrir árið 2013.

Í framhaldinu var fjárhagsáætlun Skólaskrifstofu Austurlands 2013 borin upp og samþykkt samhljóða.

6. Skoðunarmenn

Borin var upp eftirfarandi tillaga:

Aðalmenn:

Póroddur Helgason	Reyðarfirði
Kristinn Briem	Reyðarfirði

Til vara:

Andrea Borgþórsdóttir	Reyðarfirði
Sigurlaug Jónasdóttir	Egilsstöðum

Samþykkt samhljóða.

7. Önnur mál.

a) Undir liðnum önnur mál mættu Helga Þórarinsdóttir starfsmaður á sviði málefna fatlaðra innan Skólaskrifstofu og Guðrún Frímansdóttir félagsmálastjóri Fljótsdalshéraðs til þess að fara yfir reynslu og stöðu mála eftir yfirtöku Skólaskrifstofu og sveitarfélagana á málefnum fatlaðra. Eftir góðar og gagnlegar umræður um reynslu þessa fyrsta árs hjá sveitarfélögunum á Austurlandi í umsjón og ábyrgð á málefnum fatlaðra, var þeim Guðrúnu og Helgu þakkað fyrir komuna og þeirra framlag.

b) Að lokum þakkaði Sigurbjörn Marinósson forstöðumaður stjórn, framkvæmdaráði, og starfsfólki fyrir gott og ánægjulegt samstarf á starfsárinu.

c) Formaður Gunnþórunn Ingólfsdóttir þakkaði fyrir góðan fund og óskaði fundarmönnum góðrar heimferðar.

Fundi slitið kl. 14:25.

Fundargerð ritaði
Páll Baldursson